

## Fundargerð háskólaráðs

341. fundur daginn 3. febrúar 2014

fundaherbergi 402, Borgum, kl. 12.35 – 16.10

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.35.

Mættir voru auk hans:

Hallur Gunnarsson fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs, á Skype

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Gestir:

Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

---

Rektor kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerðir 339. og 340. funda, mál til kynningar

Fundargerðir 339. og 340. funda voru bornar upp og samþykktar.

Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.

Rektor kynnti stuttlegra nokkur mál:

- Samstarfssamning HA við Matís ohf. Um er að ræða nýjan rammasamning með gildistíma frá janúar 2014 til ársloka 2016. Rektor kynnti efni hans.
- Nýir nemendur á vormisseri. Umsóknir voru 71 talsins, þar af greiddi 61 nemandi innritunargjöld. Því til viðbótar voru innritaðir 20 nemendur sem höfðu tekið sér hlé frá námi.



- Rektor fór á Ísafjörð og tók þátt í stefnumótunarfundur hjá Háskólastri Vestfjarða 28. og 29. janúar. Rektor er í stjórn HSVest. HA hefur umsjón með meistaránámi sem kennt er við HSVest og á tvo fulltrúa af þremi í meistaránámsnefnd.
- Rektor greindi frá að framkvæmdastjórn mælir með því að háskólahátið þann 14. júní nk. verði haldin á Sólborg. Starfshópi verður falið að leggja fram mótaðar hugmyndir um hvernig það verði framkvæmt þannig á hátiðlegan og viðeigandi hátt í húsakynnum háskólans. Háskólaráð tók jákvætt í þetta.

## 2. Gæðakerfi HA endurskoðað

*1208012*

Fyrir fundinum lá skjal, *Um gæðastarf Háskólans á Akureyri, ósamþykkt drög sem lögð verða fyrir gæðaráð í viku 45/2013*. Gæðastjóri skýrði út að gæðakerfi HA hentar síður sem útprentað skjal vegna þess að kerfið á að verða lifandi í Uglunni, er með fjölmögum tenglum sem einungis eru virkir í netútgáfunni og jafnan uppfært þannig að þær upplýsingar sem þar koma fram hverju sinni verða í gildi.

Í starfshópi gæðaráðs sem hefur endurskoðað eldra gæðakerfi voru: Arnheiður Eyþórsdóttir, Kristín Sóley Sigursveinsdóttir, Leifur Guðni Grétarsson, Sigrún Magnúsdóttir, Solveig Hrafnasdóttir og Sólveig Zophoníasdóttir.

Gæðastjóri óskar eftir heimild háskólaráðs til að gera minni háttar lagfæringar á fyrilliggjandi skjali þegar þörf er á án samþykkis háskólaráðs og var það heimilað.

Gæðahandbókin byggir á stefnu HA 2012-2017 og Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area (ENQA stöðlunum) ásamt gildandi lögum og reglum eftir því sem við á. Gæðastjóri sýndi hvernig gæðahandbókin er byggð upp lið fyrir lið í Uglunni.

Rætt var um möguleika á að hafa aðgang að eldri reglum og lögum/stöðlum en þeir möguleikar eru fyrir hendi í GoPro málakerfinu.

HÉA  
AF SD  
HFS

Sigrún svaraði fyrirspurnum um gæðakerfið. Óskaði hún eftir að háskólaráð samþykkti uppbryggingu gæðakerfisins. Umræðu urðu. Bent var á mikilvægi þess að upplýsingar væru skýrar.

Ákveðið var að háskólaráðsfulltrúar kynntu sér gæðakerfið og uppbryggingu þess í Uglunni milli funda.

Fram kom fyrirspurn um ferlið varðandi nauðsynlegan búnað í kennslustofum, hver skilgreindi það og við hvern ætti að ræða ef búnað vantar. Fram kom að framkvæmdastjórn tekur ákvarðanir um fjárveitingar og forstöðumenn ákveða innkaup á grundvelli þeirra. Ýmsar leiðir eru til að koma málum áleiðis, s.s. að senda gæðaráði erindi eða að taka upp málid innan deilda. Í Uglu er hægt að sjá hvaða búnaður er í kennslustofum og fundaherbergjum.

### 3. Leiðbeiningar til deilda vegna sjálfsmats

1401118

Gæðastjóri gerði grein fyrir tilurð tillögu að leiðbeiningum sem liggja fyrir fundinum en fram að þessu hafa þær ekki verið til. Tillögurnar byggja að hluta til á vinnu kennaradeildar við sjálfsmatsúttekt og taka einnig mið af leiðbeiningum í HÍ.

Gert er ráð fyrir að sjálfsmatsúttekt taki eitt skólaár og ljúki að vori.

Sjálfsmatsúttekt á að vera umbótamiðuð og með víðtækri þátttöku nemenda, starfsmanna og hagsmunaaðila. Mikilvægt er að tryggja eftirfylgni. Erlendur sérfræðingur vinnur með deildum að sjálfsmatsúttekt.

Gæðastjóri greindi frá að viðskiptadeild, kennaradeild, félagsvísindadeild hafa þegar farið gegnum sjálfsmatsúttektir. Vorið 2015 munu allar deildir hafa lokið úttektum og lýkur þá fjögurra ára ferli. Fimmta árið er íhugunartími og svo hefst að nýju fimm ára úttektatímabil. Gæðastjóri greindi frá hlutverki sjálfsmatsnefnda og erlenda sérfræðingsins, hver er eðlilegur tímarammi og æskilegt umfang sjálfsmatsskýrslu, og hvar hægt er að leita fanga til að afla upplýsinga.

Rætt var um umbun fyrir störf við sjálfsmatsskýrslu og töldu háskólaráðsfulltrúar það vera sanngjurmismál að allir fái greitt. Rektor greindi frá að í framkvæmdastjórn hafa verið samþykktar reglur um umbun fyrir störf af þessu tagi. Var það lagt í hendur sviðsforseta hvernig umbunað er fyrir störf í vinnuhópum innan fræðasviða.

Umræða varð um málid. Fram kom það sjónarmið að óásættanlegt sé að umbun við

HGA 83  
KK 91 ph

sjálfsmatsvinnu sé mismunandi þar sem úttektin er málefni alls háskólans.

Gæðastjóri benti á kafla 5 í tillögu að leiðbeiningum vegna sjálfsmats. Þar er gert ráð fyrir að greitt sé fyrir þessa vinnu. Gæðaráð gerði ekki athugasemd við þann kafla. En framkvæmdastjórn vísar til reglna um umbun fyrir störf í nefndum og ráðum sem samþykktar voru í framkvæmdastjórn 2012. Í því sambandi kom fram sú ábending að reglurnar gera aðeins ráð fyrir greiðslu fyrir fundersetu, ekki aðra vinnu, og það henti ekki í þessu samhengi.

Hafdíð vísaði til mikillar þátttöku nemenda í sjálfsmatsvinnu.

Rætt var um greiðslur fyrir stjórnunarstörf almennt og hvort háskólinn hefði samræmt kerfi fyrir þær.

Rektor mun fylgja því eftir í framkvæmdastjórn að þörf sé á fastari reglum varðandi umbun fyrir vinnu við sjálfsmatsúttektir.

#### 4. Stofnanaúttekt 2014

"[málsnúmer]"

Gæðastjóri gerði grein fyrir stýrihópi sem vann Reflective Analysis skýrsluna. Í honum voru rektor, forsetar fræðasviða (staðenglar eftir atvikum), Arnheiður Eyþórsdóttir, Solveig Hrafnssdóttir, Leifur Guðni Grétarsson nemi og Melkorka Mjöll Kristinsdóttir nemi (þó aðeins á fyrstu fundunum), auk gæðastjóra. Rúnar Sigþórsson var til ráðgjafar. Með stýrihópnum unnu Sigrún Lóa Kristjánasdóttir og Lísa Zachrisson Valdimarsdóttir

Gæðastjóri gerði grein fyrir hvernig vinnan var skipulögð. Verklagi kennaradeildar við sjálfsmatsúttekt var fylgt. Mikil af efni til úrvinnslu var þegar tiltækt, s.s. kannanir frá kannanateymi, greinargerðir frá brotthvarfsteymi, lykiltölur og sjálfsmatsúttektir þriggja deilda. Í skýrslunni átti að vera „case study“ og var ákveðið að hafa það viðskiptadeild, þ.e. hvernig brugðist hefur verið við óánægju sem fram kom í könnunum meðal nemenda þar með breyttu skipulagi.

Skýrslan er skrifuð og unnin sem vefskjal með tenglum. Viðbótarskjöl eru á sérstöku drifi.

Sigrún sagði frá hvernig úttektarhópurinn sem heimsækir HA 24. – 28. mars verður skipaður. Tove Bull fyrrum rektor í Tromsö verður formaður hans og í honum einnig m.a. Norman Sharp en hann er tilsjónarmaður gæðaráðs háskóla með HA í úttektarferlinu. Faglega er úttektarhópurinn vel saman settur og samsvarar fræðasviðum HA vel. Erindi hópsins í mars er að sannreyna það sem kemur fram í Reflective Analysis skýrslunni.

HEA  
GJ  
FH  
WH  
SBS

Drögum að skýrslu var skilað í desember og urðu góð viðbrögð við þeim. Skýrslunni sjálfri var svo skilað 13. janúar skv. samkomulagi.

Skýrslan verður nú kynnt meðal nemenda og starfsmanna og mun gæðastjóri fara inn á fræðasviðin til þess. Þá þarf að útbúa dagskrána 24. – 28. mars og skipuleggja vel. Tveim vikum eftir úttekt munu koma fyrstu viðbrögð úttektarhópsins á einu A-4 blaði, skýrsludrög fyrir staðreyndatékk koma í júní-júlí og lokaskýrslan í haust.

Í skýrslunni eru talin upp 40 framkvæmdaatriði sem framkvæmdastjórn og gæðastjóri þurfa nú að setjast yfir og deila út ábyrgð á.

Reflective Analysis verður innanhússkjal sem nemendur og starfsmenn munu fá aðgang að í Uglu.

Gæðastjóri telur það m.a. standa upp úr eftir vinnuna að 90% af nemendum myndu mæla með skólanum. Varðandi það sem betur má fara hefur líka ýmislegt skýrst. Enski vefurinn hefur tekið miklum stakkaskiptum til bóta og raunar íslenski vefurinn líka. Það má nefna sem dæmi um að sjálfsmatsvinnan skilar gæðaumbótum.

Gæðastjóri rakti stuttegla hvernig fyrri úttektir hafa gengið og taldi að háskólinn stæði miklum mun betur að vígi að þessu sinni.

Rektor sagði skýrsluna eiga eftir að skila miklu, bæði inni í úttektinni og inni í skólastarfið.

Þakkaði hann gæðastjóra fyrir skýrsluna og fyrir framlag hennar á fundinum.

Háskólaráð mun kynna sér efni skýrslunnar betur.

Rektor þakkaði Sigrúnu fyrir og fór hún af fundinum.

## 5. Úthlutun rannsóknarinnar 2014-2015

1402035

Rektor dreifði skjali yfir umsækjendur og tillögu að úthlutun rannsóknamsísera. Ellefu umsóknir bárust, tíu uppfylltu kröfur skv. reglum og fengu allir úthlutað rannsóknamsíseri í samræmi við áunnin réttindi, sem er ánægjuefni. Rektor fór yfir skjalið og skýrði það út.

Áætluð upphæð til rannsóknarvarna var allt að 32 mkr. Það er hlutfallslega sambærilegt við HÍ. Rektor bar upp tillögu að úthlutun og var hún samþykkt einróma.

Úlfar Hauksson kom á fundinn.

HCA  
S  
W  
HCA  
S

**6. Kennslualmanak, drög**

**1402088**

Frestað.

**7. Skipun jafnréttisráðs**

**1301001**

Rektor bar fram tillögu að skipun jafnréttisráðs 2014-2016 og var hún samþykkt.

Aðalfulltrúar eru:

Til vara:

Ingibjörg Sigurðardóttir

Giorgio Baruchello

Kristinn P. Magnússon

Fjóla Björk Jónsdóttir

Hermann Óskarsson

Kristín Sóley Sigursveinsdóttir

Pia Viinikka

Daniel Freyr Jónsson

Eyrún Halla Eyjólfssdóttir

Katrín Þorbjörnsdóttir

Rektor mæltist til að nemendur tilnefndu karl og konu í jafnréttisráð á aðalfundi FHSA í febrúar.

**8. Skipun varafulltrúa háskólaráðs í háskólaráð**

**1203064**

Rektor greindi frá því að Hjalti Jón Sveinsson skólameistari VMA hefur samþykkt að taka sæti í háskólaráði sem varafulltrúi Finnboga og Svanfríðar. Var það samþykkt einróma.

**9. Skipun varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð**

**1203064**

Skipað er í stað Ingveldar Tryggvadóttur skjalastjóra sem hefur hætt störfum við HA. Sigríður Vilhjálmsdóttir verkefnastjóri hlaut næstflest atkvæði í kosningu á háskólfundi 9. nóvember 2012. Samþykkt var einróma að hún tæki sæti sem varafulltrúi háskólasamfélagsins í háskólaráði út skipunartímabilið.

HÉA  
H  
K  
W

## 10. Skipun staðgengils rektors

1401143

Rektor skipar staðgengil sinn úr hópi forseta fræðasviða til eins árs í senn. Samþykkt var að Ögmundur Knútsson forseti viðskipta- og raunvísindasviðs verði skipaður staðgengill rektors.

## 11. Uglumál

1210006

Úlfar er ásamt Stefáni Jóhannssyni í verkefnisstjórn Uglunnar sem er vinnuhópur háskólanna og Reiknistofnunar Hí.

Rektor rifjaði upp tilskipun menntamálaráðuneytisins frá 2010 að taka upp samræmt upplýsingakerfi fyrir háskólana. Gerður var samningu um framkvæmdina. Hann fól m.a. í sér að inn í Ugluna skyldi bætt þeim virkniþáttum úr Stefaníu sem HA vildi ekki vera án. Enn eru miklir hnökrar á Uglunni eftir um eins og hálfs árs innleiðingartímabil.

Úlfar rakti gang mála frá því að háskólaráð ályktaði í maí sl. um Ugluna til verkefnisstjórnar um samstarf opinberu háskólanna. Verkefnisstjórn hefur áætlað fjármuni til að ljúka innleiðinguðunni.

Í haust var tekið upp nánara samstarf við Reiknistofnun. Stóru vandamálin nú varða kennsluskrá og námsskrá, skráningu í námskeið ásamt próftöflugerð og meðferð lokaverkefna. Próftöflugerð er að vísu að mestu leyst. En komið er í ljós að Uglan býður ekki upp á mikla upplýsingaleit aftur í tímann eins og Stefanía gerði.

Í næstu viku koma á fund framkvæmdastjórnar 2-3 aðilar frá Reiknistofnun og hitta m.a. skrifstofustjóra og ýmsa aðra helstu notendum Uglunnar. Vonir eru bundnar við þá heimsókn. Þar verður farið yfir ýmis aðalatriði og önnur atriði smá og stór.

Fram kom að ákvæði samnings um innleiðingu Uglunnar um forritara staðsettan á Akureyri hefur ekki verið uppfyllt af ýmsum ástæðum. Háskólaráð hefur lagt mikla áherslu á að svo verði.

Illa hefur gengið að ráða að Reiknistofnun hæft fólk og er nú til athugunar hvort hægt er að fela starfsmanni HA sem ekki er jafnframt starfsmaður Reiknistofnunar umboð til að gera breytingar á virkni Uglunnar sem myndi spara mikinn tíma við milliliði.

HÉA  
S  
W  
V  
SPE

Fram kom tillaga um að óháðum aðila yrði falið að gera úttekt á innleiðingarferlinu. Staða Uglunnar er grafalvarlegt mál að mati flestra. Einhverskonar úttekt er nauðsynlegt ef fara á formlega með málið fyrir menntamálaráðuneyti sem eins og áður segir sagði fyrir um upptöku Uglunnar.

Gegnum innleiðinguna hefur HA lagt til ýmsar breytingar á Uglunni sem hafa komið öllum skólunum til bóta.

Meiri fréttu er að vænta á næsta háskólaráðsfundi.

Rektor þakkaði Úlfari fyrir og fór hann af fundinum.

## 12. Fundartímar á vormisseri

Samþykkt var að fundir háskólaráðs yrðu:

Mánudag 3. mars kl. 10

Mánudag 31. mars kl. 12

Mánudag 28. apríl kl. 12

Mánudag 26. maí kl. 12

mánudag 23. júní kl. 12.

## 13. Önnur mál

Rektor vék af fundi tímabundið. Ögmundur Knútsson staðgengill rektors kom á fundinn og stjórnaði fundi á meðan liðurinn Ráðning rektors var ræddur.

Ráðning rektors. 1401153

Háskólaráð samþykkti eftirfarandi bókun:

„Háskólaráð áréttar að embætti rektors Háskólans á Akureyri hefur verið auglýst laust til umsóknar. Háskólaráð hvetur alla, sem áhuga hafa á að byggja upp sterkan og framsækinn háskóla á Akureyri, til að sækja um.“

Háskólaráð ákvað að vísa því til framkvæmdastjóra að birta auglýsingum um starfið í fjöldum. Hjörleifi og Hermínu var falið að tala við framkvæmdastjóra háskólans um framhaldið. Herminu var falið að koma tilkynningu í Ugluna.

Ritari rektors sér til þess að setur auglýsingin fari á á heimasíðu háskólans.

HEA S  
JG  
BS  
W  
SRS

Ögmundur fór af fundinum.

Rektor kom á fundinn.

Greindi hann frá að bréf kom frá Umboðsmanni Alþingis varðandi gögn í máli Ólinu Þorvarðardóttur, umsækjanda um stöðu forseta hug- og félagsvísindasviðs. Rektor fékk lögfræðistofuna Pacta til að fara yfir öll gögn varðandi ákvarðanatöku í málinu. Hans niðurstaða var að gögnin væru fullnægjandi og voru þau send til umboðsmanns. Umboðsmaður metur hvor hann tekur málið upp til meðferðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16.10.

Hafdis Erna Ásbj

Sandínard.  
Umboðsmann  
Hjálparmann  
Hanns Þunfríðsson  
S. R. L.